



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 3. nóvember 2022

Félagaskiptagluggar árið 2023
Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 1. nóvember sl. samþykkti stjórn KSÍ fyrirkomulag félagaskiptaglugga (félagaskiptatímabila) fyrir keppnistímabilið 2023. Verða félagaskiptagluggar með nokkuð breyttu fyrirkomulagi á árinu 2023. Verður gluggum misjafnlega hagað á milli þeirra deilda sem leikmannssamningar (professional) eru heimilir gagnvart þeim deildum sem aðeins áhugaleikmenn (amateur) spila. Eftirfarandi fyrirkomulag félagaskiptaglugga var samþykkt fyrir árið 2023:

Félagaskiptagluggi efri deilda karla og kvenna.:

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla

Fyrri gluggi (12 vikur): **2. febrúar til 26. apríl 2023**

Sumargluggi (4 vikur): **18. júlí til 15. ágúst 2023**

Sérstakur sumargluggi í 2. deild karla og 1. deild kvenna (2 vikur): **18. júlí til 1. ágúst 2023**

Félagaskiptagluggi neðri deilda karla og kvenna.:

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild karla.

Félagaskiptagluggi: **2. febrúar til 1. ágúst 2023**

Tillaga um fyrirkomulag félagaskiptaglugga árið 2023 var unnin af starfshópi sem skipaður var af stjórn KSÍ á fundi 15. ágúst 2022. Greinargerð starfshóps um félagaskiptaglugga árið 2023 fylgir með dreifibréfi þessu.

Jafnframt vegna samþykks fyrirkomulags félagaskiptaglugga árið 2023, þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum 1. nóvember eftirfarandi breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **rauðmerkt**

Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~

REGLUGERÐ KSÍ
um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Eftirfarandi hugtök er notuð í reglugerðinni og ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

11. Félagaskiptatímabil: Þau ~~er~~ tímabil innan hvers árs þar sem félagaskipti leikmanna á milli félaga eru heimil.

10. gr.

Félagaskipti

10.1. Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:

- 10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, sbr. þó ákvæði um 4. aldursflokk eða yngri í grein. 10.1.5. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.
- 10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á skilgreindum félagaskiptatímabilum ár hvert. Skilgreind félagaskiptatímabil skulu vera tvö á hverju ári. Það fyrra skal venjulega hefjast við upphaf eftir lok keppnistímabils og vera lokið fyrir eða við upphaf þess næsta. Fyrra félagaskiptatímabilið skal ekki ná yfir lengri tíma en 12 vikur. Síðara félagaskiptatímabilið skal venjulega hefjast um mitt keppnistímabil og skal ekki ná yfir lengri tíma en fjórar vikur. Félagaskiptatímabilin tvö skulu vera ákveðin af stjórn KSÍ eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan.
- 10.1.3. Um félagaskiptatímabil í keppnum þar sem einungis áhugaleikmenn/sambandsleikmenn taka þátt gilda ekki reglur, skv. grein 10.1.2. Stjórn KSÍ skal ákveða félagaskiptatímabil í slíkum keppnum eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan og að teknu tilliti til heilinda í viðkomandi keppnum.
- 10.1.4. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa). Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka eru óheimil frá lokum síðara félagaskiptatímabils í keppnum þar sem einungis áhugaleikmenn/sambandsleikmenn taka þátt ár hvert og fram til loka mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ